



From vision to action “Góðir hlutir gerast”

Október 2009

Til formanna deilda í Delta Kappa Gamma á Íslandi

Kæru formenn

Nú er vetrarstarfið komið í gang hjá flestum deildum og virðist það ætla að verða blómlegt nú sem endranær. Ég sendi ykkur hér upplýsingar og minni ykkur á eindaga sem eru framundan. Þessum upplýsingum verður síðan fundinn staður á netinu.

Upplýsingar

Búið er að skipa í fastanefndir, sbr. vefsíðu <http://dkg.muna.is/is/page/stjorn>

Útgáfu- og kynningarnefnd, sem er skipuð Deltakonum, hittist í síðastliðinni viku. Í lok september var haldinn hugarflugsfundur um upplýsingamál með henni og nokkrum vefumsjónarkonum eins og við töluðum um á framkvæmdaráðsfundinum í haust. Við þurfum að endurskoða upplýsingamálin vel og munum skipa vefnefnd til tveggja ára til að fara ofan í saumana á þeim málum.



Ég vil minna ykkur á handbókina http://dkg.muna.is/is/page/efni_fyrir_formenn. Viðhengi bætast við innan skamms. Spurningar og svör verða einnig til taks fyrir formenn og við munum bæta við efni eftir þörfum.

Ég vona að þið hafið tekið með ykkur kynningarbæklinginn á fundinum í haust. Látið Ingibjörgu Einarsdóttur vita ef þið viljið fá fleiri eintök.

Hafið samband við Guðbjörgu Sveinsdóttur landssambandsgjaldkera, guðbjorg.sveinsdottir@reykjanesbaer.is ef þið viljið fá einhverjar vörur, svo sem nælur, borða eða annað. Þið getið skoðað t.d. þessa síðu: <http://www.imprintmall.com/deltakappagamma/>



Til framkvæmdar

Félagatalið er á vefnum, <http://dkg.muna.is/is/page/202/>. Að venju þarf að yfirfara það. Nú verður auðvelt að laga það strax. Félagatalið verður ekki prentað á þessum vetri, en ég vil ítreka að hægt er að prenta það út hvenær sem er og þar með alltaf hægt að fá aðgang að því réttu.



Ég geri ráð fyrir að starfsáætlanir ykkar liggi fyrir og bið ég ykkur um að setja þær á vefinn. Athugið að þið getið alltaf leitað til Eyglóar Björnsdóttur vefstjóra eyglob@unak.is ef þið lendið í vandræðum. Gott væri að þið létuð mig vita þegar upplýsingar um starfsáætlanir ykkar liggja fyrir.

Október 2009

Mánn	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

Eindagar

Síðasti dagur til að senda inn tilnefningar í alþjóðanefndir sem kosið er í næsta sumar.

Félagsgjald, kr 7500,- þarf að berast gjalkera deilda fyrir **31. október** og gjaldkera landssambands fyrir **10. nóvember**

Með systrakveðju,

Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG

